

**Fimmtudaginn 10. febrúar 1994 kl. 16:00**

**26. fundur Samkeppnisráðs**

**Samþykkt nr. 3/1994**

**Beiðni Lögmannafélags Íslands  
um undanþágu fyrir gjaldskrá félagsins**

Með vísan til 16. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 fer Lögmannafélag Íslands þess á leit við Samkeppnisráð, í erindi dagsettu 9. júlí 1993, að ráðið veiti undanþágu til Lögmannafélagsins til að gefa út gjaldskrá *"er hafi að geyma leiðbeinandi reglur um ákvörðun málskostnaðar í málum, þar sem lögmaður leitar aðstoðar dómstóla eða stjórnvalds vegna hagsmuna eða réttinda umbjóðanda síns og stefndi, úrskurðar- eða gerðarþoli á undir dómara eða embættismanni ákvörðun um þóknun gagnaðila, svo og reglur um þóknun í innheimtumálum, sem gerð eru upp án atbeina dómstóla eða stjórnvalda, að því leyti sem kröfu um greiðslu innheimtuþóknunar er beint að skuldara kröfunnar."*

Samkeppnisráð hefur kynnt sér röksemdir Lögmannafélags Íslands fyrir undanþágubeiðninni og önnur gögn sem lögð hafa verið fram vegna málsins (sjá lista yfir gögn).

Í 16. gr. laga nr. 8/1993 er kveðið á um að Samkeppnisráð geti veitt undanþágu frá bannákvæðum í 10., 11. og 12. gr. laganna.

Skilyrði slíkrar undanþágu eru að:

- "a. samkeppni aukist á þeim markaði sem um ræðir,*
- b. vænta megi að jákvæð áhrif samkeppnishamla vegi þyngra en ókostir þeirra við þær aðstæður sem um er að ræða,*
- c. sérstakar ástæður séu fyrir hendi er varða almannaheill.*

*Undanþágur samkvæmt þessari grein mega ekki hamla samkeppni meira en nauðsynlegt er og geta þær bæði verið ótímabundnar eða veittar tímabundið. Hægt er að setja frekari skilyrði fyrir undanþágu."*

Í greinargerð með frumvarpinu, sem síðar varð að samkeppnislögum, er sagt um 16. gr. þess " *Að meginstefnu verður undanþága því aðeins veitt með stoð í þessari grein að það geti betur stuðlað að tilgangi og markmiði frumvarpsins. Eða eins og í a.-lið segir .....samkeppni aukist á þeim markaði sem um ræðir..... og í b.-lið.....vænta megi að jákvæð áhrif samkeppnishamla vegi þyngra en ókostir þeirra.....*

*Um heimildina til að veita undanþágu á grundvelli c.-liðar er það að segja að þetta er almenn heimild sem er sama efnis og c.-liður 24. gr. gildandi laga. Ákvæðið er almennt orðað og er ógerlegt að segja við hvers konar aðstæður því kunnir helst að verða beitt. Hitt er ljóst að eftir því sem bönn við samkeppnishömlum verða víðtækari því þrengri verða skilyrðin til að beita undanþáguákvæðum á borð við þau sem er að finna í þessari grein frumvarpsins."*

Í meðförum Alþingis bættist eftirfarandi 2. mgr. við 16. gr. samkeppnislagafrumvarpsins: "*Undanþágur samkvæmt þessari grein mega ekki hamla samkeppni meira en nauðsynlegt er og geta þær bæði verið ótímabundnar eða veittar tímabundið. Hægt er að setja frekari skilyrði fyrir undanþágu."*

Í rökstuðningi með þessari viðbót við 16. gr. segir m.a.: "*Upphafsetningin miðar að því að undanþágur verði aldrei víðtækari en nauðsynlegt er og frekar eigi að hafa þær of knappar en of rúmar."*

Það er mat Samkeppnisráðs að beiðni Lögmannafélags Íslands uppfylli ekki þau skilyrði sem tilgreind eru í lagatextanum og enn síður þegar hliðsjón er höfð af greinargerðinni með frumvarpinu að samkeppnislögunum.

Leiðbeinandi reglur vegna þess málskostnaðar sem erindi Lögmannafélags Íslands nær til eru til þess fallnar að hafa áhrif á aðrar gjaldskrár lögmannanna og kostnaðartengdar breytingar á þeim. Með því munu reglurnar sem sótt er um undanþágu fyrir fremur geta dregið úr verðsamkeppni á milli lögmannanna en aukið hana. Líklegt er að sá mælikvarði sem Lögmannafélag Íslands hyggst nota við framreikning á leiðbeinandi gjaldskrá félagsins, vísitala lögmannastofa, geti samhliða haft áhrif á breytingar á öðrum gjaldskrárliðum lögmannastofa.

Þegar fyrirtæki eða samtök óska eftir undanþágu frá 10., 11. og 12. gr. samkeppnislaga þurfa þau með óyggjandi hætti að sýna fram á að undanþága sé í samræmi við undanþáguskilyrði sem samkeppnislög setja. Samkeppnisráð telur að Lögmannafélag Íslands hafi ekki sýnt fram á það í þeim gögnum sem félagið hefur afhent, að undanþágubeiðni félagsins til útgáfu á leiðbeinandi gjaldskrá uppfylli skilyrði 16. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Með vísan til þess sem að framan greinir og þess sem fram kemur í gögnum málsins og með hliðsjón af 1. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 hafnar Samkeppnisráð beiðni Lögmannafélags Íslands frá 9. júlí 1993 um undanþágu til að gefa út leiðbeinandi gjaldskrá.

## **Gögn lögð til grundvallar samþykkt Samkeppnisráðs nr. 3/1994**

1. Bréf Lögmannafélags Íslands (L.M.F.Í.), dags. 9. júlí 1993, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Neytendasamtakanna, dags. 3. sept. 1993
3. Bréf dóms- og krikjumálaráðuneytis, dags. 13. sept. 1993
4. Bréf Neytendasamtakanna, dags. 13. desember 1993.
5. Bréf L.M.F.Í., dags. 17. desember 1993.
6. Bréf L.M.F.Í., dags. 17. janúar 1994.
7. Greinargerð Páls Ásgrímssonar, lögfræðings, dags. 24. janúar 1994.
8. Greinargerð Samkeppnisstofnunar dags. í febrúar 1994.
9. Bréf L.M.F.Í., dags. 1. febrúar 1994.